



HRUNAMANNAHREPPUR

81. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

1. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 15. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur St. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Halldóra Hjörleifsdóttir í fjarveru Daða Geirs Samúelssonar og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við dagskrána bætist eftirfarandi mál:

14. Bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga frá 14. janúar 2026.

15. Bréf frá Verkefnisstjóra farsældarráðs á Suðurlandi frá 5. janúar 2026.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 7. fundar frá 8. janúar 2025.**

Lögð fram fundargerð 7. fundar afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn fagnar hinu nýja afmælismerki sem notað verður á allt efni Hrunamannahrepps á árinu 2026. Einnig lýst sveitarstjórn vel á að ljóðið Hreppafjöllin verði einnennisljóð afmælisársins og felur nefndinni að vinna málið áfram. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 10. fundar frá 21. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 10. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 11. fundar frá 2. desember 2025.**

Lögð fram fundargerð 11. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

JB
ART
RSE

4. **Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar frá 12. janúar 2026.**

-Ásamt minnisblaði frá Ingvari Sigurgeirssyni um mat á framgangi skólastefnu Hrunamannahrepps.

Lögð fram fundargerð 20. fundar Skólanefndar ásamt minnisblaði frá Ingvari Sigurgeirssyni um mat á framgangi skólastefnu Hrunamannahrepps.

Fundargerðin ásamt mati á framgangi skólastefnu Hrunamannahrepps lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn vill nota þetta tækifæri og þakka skólanefnd fyrir afar góð störf við gerð og eftirfylgni með nýrri skólastefnu og aðgerðaráætlun en í skýrslu Ingvars kemur fram að mjög vel hafi verið staðið að þessari vinnu allri.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

5. **Fundargerð 316. fundar skipulagsnefndar frá 19. desember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. desember sl.**

Lögð fram fundargerð 316. fundar skipulagsnefndar frá 19. desember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. desember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 13. Náttthagi: Byggingarheimild; skemma.

Móttækin var umsókn þann 10.12.2025 um byggingarheimild fyrir 137,8 m² skemmu á íbúðarhúsalóðinni Náttthagi (L166940) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. desember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. desember sl.

6. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 132. fundar stjórnar frá 11. desember 2025.**

Lögð fram fundargerð 132. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 7. janúar 2026.**

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

8. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 90. stjórnarfundar frá 1. desember 2025**

-Ásamt reglum Bergrisans bs. um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Lögð fram fundargerð 90. stjórnarfundar Bergrisans bs. ásamt reglum Bergrisans bs. um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Fundargerðin ásamt reglu Bergrisans bs. um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk lögð fram til kynningar.

ART
RSE

9. **Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 28. fundar stjórnar frá 18. júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 28. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. **Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 29. fundar stjórnar frá 23. september 2025.**
Lögð fram fundargerð 29. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. **Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 30. fundar stjórnar frá 30. september 2025.**

-Ásamt minnisblaði frá HMS um ábyrgð slökkviliðsstjóra um öryggis- og lokaúttektir.

Lögð fram fundargerð 30. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu ásamt minnisblaði HMS um ábyrgð slökkviliðsstjóra um öryggis- og lokaúttektir.

Fundargerðin ásamt minnisblaði HMS um ábyrgð slökkviliðsstjóra um öryggis- og lokaúttektir lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

12. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29. desember 2025.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem boðað er til málþings um stefnu í málefnum fatlaðs fólks til framtíðar.

Lagt fram til kynningar.

13. **Bréf frá Samkeppniseftirlitinu frá 17. desember 2025.**

Lagt fram bréf frá Samkeppniseftirlitinu þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið afhendi ýmis konar upplýsingar og gögn er varðar útboð á úrgangspjónustu en Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar hvort Terra umhverfispjónusta hf og Kubbur ehf hafi brotið gegn banni 10. Gr. samkeppnislaga nr. 44/2009 og 1. Mgr. 53. Gr. EES samningsins með ólögumætu samráði í tengslum við úrgangspjónustu svo sem við útboð sveitarfélaga og með markaðsskiptingu eftir svæðum og viðskiptavinum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu að höfðu samráði við lögmann.

14. **Bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga frá 14. janúar 2026.**

Lagt fram bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga þar sem óskað er eftir fjölgun kennslustunda til tónlistarkennslu í Hrunamannahreppi frá janúar 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auka tónlistarkennslu á vegum skólans um 2 klst frá 15. janúar 2026 og um aðrar 3 til viðbótar frá ágúst 2026.

15. **Bréf frá Verkefnisstjóra farsældarráðs á Suðurlandi frá 5. janúar 2026.**

Lagt fram bréf frá verkefnisstjóra Farsældarráðs á Suðurlandi þar sem óskað er eftir tilnefningu frá Hrunamannahreppi í ráðið. Með bréfinu fylgja drög að erindisbréfi fyrir ráðið, drög að starfsreglum, afrit af samstarfsyfirlýsingunni sem var undirrituð á ársþingi Sass á Kirkjubæjarklaustri ásamt skipuriti fyrir ráðið. Einnig fylgir með glærukynning á farsældarráðinu sem farið var yfir á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Kolbrúnu Haraldsdóttur sem aðalmann sveitarfélagsins í farsældarráðið og þórarinn Guðna Helgason til vara.

JB
ARJ
RSE

16. Bréf frá formanni ÍBU frá 17. desember 2025.

Lagt fram bréf frá formanni ÍBU þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir liðið ár.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða ÍBU rekstrarstyrk vegna ársins 2025 kr. 800.000,-. Einnig samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að ræða við Bláskógabyggð um samning við ÍBU.

17. Bréf frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps frá 7. janúar 2026.

Lagt fram bréf frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps þar sem óskað er eftir styrk til að halda þing Sambands sunnlenskra kvenna sem fram fer 25. apríl n.k.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara um fyrirkomulag og væntan kostnað.

18. Bréf frá HSK frá 8. janúar 2026.

Lagt fram bréf frá HSK þar sem boðað er til samráðs- og upplýsingarfundar með stjórn HSK og aðildarfélögum HSK í uppsveitum Árnassýslu ásamt fulltrúum sveitarfélaganna. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna mánudaginn 19. janúar n.k.

Lagt fram til kynningar.

19. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 5. febrúar n.k. kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

20. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 19. desember 2025 vegna reiknilíkans fyrir leikskóla og grunnskóla.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna sameiginlegra innkaupa sveitarfélaganna á notendaleyfum að reiknilíkani fyrir leik- og grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

21. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 22. desember 2025.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem vakin er athygli á breytingu á 4. gr. fylgiskjals I við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

22. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 12. janúar 2026 varðandi gerð göngustíga árið 2026.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi gerð göngustíga í sveitarfélaginu á árinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðist verði í gerð göngustígs frá Byggð á Bríkum, frá Mýrarstíg og að Garðastíg og frá brúnni yfir Hellisholtalækinn að reiðstígnum áleiðis upp að Miðfelli. Framkvæmdirnar rúmast innan þegar samþykktar fjárhagsáætlunar.

23. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Lagðar fram fullgerðar reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum eftir umræðu á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillöguna sem hér er lögð fram en tillagan var áður til umræðu á 78. fundi sveitarstjórnar.

ARG RSE

24. Reglur Hrunamannahrepps um heimgreiðslur.

Lagðar fram reglur Hrunamannahrepps um heimgreiðslur.

Reglurnar lagðar fram til kynningar enda voru þær að inntaki samþykktar samhljóða á 78. fundi sveitarstjórnar.

25. Kaupþilboð Hrunamannavegur 3.

Lagt fram kaupþilboð á Hrunamannavegi 3.

Sveitarstjórn samþykkir kaupþilboðið og felur sveitarstjóra að ganga frá kaupsamningi. Nýir íbúar munu fá íbúðirnar afhentar næsta laugardag.

Hér vék Bjarney af fundi.

26. Leigusamningur vegna aðstöðu fyrir nuddara í Félagsheimili Hrunamannahrepps.

Lagður fram leigusamningur vegna aðstöðu fyrir nuddara í Félagsheimili Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir leigusamninginn samhljóða með þeirri breytingu að leigugreiðslur skuli tengdar við neysluverðsvísitölu og breytast 1.janúar ár hvert.

27. Lánasamningur um skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Lagður fram lánasamningur um skammtímalán hjá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með samhljóða á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 100.000.000,- samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru á þeim tíma sem lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Sveitarstjórnin hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins.

Til tryggingar láninu-þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði – samþykkir sveitarstjórnin að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Lánið er tekið til að fjármagna fjárfestingar og framkvæmdir sveitarfélagsins auk endurfjármögnunar á eldri afborgunum á lánum sveitarfélagsins hjá Lánasjóðnum. Um er að ræða verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Hrunamannahrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrir máli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Mál til kynningar:

28. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 991. fundar stjórnar frá 12. desember 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:36.

Alexandra Rós Jóhannesdóttir
Ragnhildur Stefania Eypærsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir